

**1101. fundur bæjarráðs Ísafjarðarbæjar
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, 6. apríl 2020 og
hófst hann kl. 08:05.**

Fundinn sátu:

Arna Lára Jónsdóttir aðalmaður, Marzellius Sveinbjörnsson varaformaður og
Daníel Jakobsson formaður.

Embættismenn:

Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi og Birgir Gunnarsson, bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Tinna Ólafsdóttir, upplýsingafulltrúi.

Vegna samkomubanns er fundurinn haldinn í Zoom-fjarfundabúnaði.
Bryndís Ósk Jónsdóttir, bæjarritari, er einnig viðstödd fundinn.

Dagskrá:

1. Dagskrár og verkefni bæjarráðs - 2019050047

Farið er yfir verkefnalista af bæjarráðsfundum.

Verkefnalisti yfirfarinn.

2. Kórónaveiran COVID-19 - tölfræði frá Vinnumálastofnun - 2020030054

Lagður er fram til kynningar tölvupóstur Guðrúnar Stellsu Gissurardóttur, f.h.
Vinnumálastofnunar á Vestfjörðum, dags. 3. apríl sl., þar sem upplýst er um
tölfræði vegna umsókna hjá Vinnumálastofnun á Vestfjörðum til 31. mars 2020.

Tölvupóstur lagður fram til kynningar.

3. Kórónaveiran COVID-19 - aðgerðaráætlun Ísafjarðarbæjar - 2020030054

Lögð eru fram drög að aðgerðaráætlun Ísafjarðarbæjar vegna COVID-19.

Aðgerðaráætlun lögð fram til kynningar og umræðu.

*Bæjarráð vekur athygli á því að plaggið er lifandi og getur tekið breytingum eftir
því sem aðstæður kalla á.*

Gestir

Edda María Hagalín, fjármálastjóri Ísafjarðarbæjar - 08:15

4. Kórónaveiran COVID-19 - frestun greiðslu fasteignaskatta - 2020030054

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs Sambands íslenskra
sveitarfélaga, dags. 2. apríl sl., er varðar heimild til frestunar greiðslu
fasteignaskatta.

*Bæjarráð samþykkir að heimila frestun á þremur ógjaldföllum gjalddögum
fasteignaskatts og annarra gjalda sem innheimt eru samhliða til 15. janúar 2021.*

*Umsóknir þurfa að uppfylla skilyrði sem koma fram á minnisblaði. Sækja þarf um
umrædda frestun á þar til gerðu eyðublaði.*

Edda María yfirgefur fundinn kl. 08:35

5. Kórónaveiran COVID-19 - velferðarsvið - 2020030054

Lagt fram til kynningar minnisblað frá Margréti Geirsdóttur, sviðsstjóra velferðarsviðs, dags. 3. apríl sl., þar sem kynnt eru viðbrögð við COVID-19 í málaflokkum á velferðarsviði.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

6. Hjúkrunarheimilið Eyri - viðbygging - 2020 - 2020040005

Bæjarstjóri fer yfir málið á fundinum.

Lagt fram til kynningar.

7. Þjónustubíll slökkviliðs Ísafjarðarbæjar - 2020030071

Kynnt minnisblað Axels Rodriguez Överby, sviðsstjóra umhverfis- og eignasviðs, dags. 3. apríl sl.

Minnisblað lagt fram til kynningar.

8. Fjölnota knattspyrnuhús á Ísafirði - 2020040001

Lagður fram tölvupóstur Svavars Þórs Guðmundssonar, f.h. knattspyrnudeildar Vestra, dags. 26. mars sl., vegna byggingu fjölnota knattspyrnuhúss á Ísafirði.

Bæjarráð tekur jákvætt í erindið og felur bæjarstjóra að ræða við fulltrúa knattspyrnudeildar Vestra.

9. Kórónaveiran COVID-19 - ÍSÍ - 2020030054

Lagður fram til kynningar tölvupóstur Líneyjar Rutar Halldórsdóttur, f.h. ÍSÍ, dags. 2. apríl sl. ásamt meðfylgjandi bréfi frá Lárusi L. Blöndal, forseta Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands, dags. 1. apríl sl., til sveitarfélaga á landinu vegna COVID-19.

Lagt fram til kynningar.

10. Kórónaveiran COVID-19 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2020030054

Lagður fram tölvupóstur Karls Björnssonar, f.h. Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 31. mars sl., þar sem kynnt er uppfærð staða verkefna í aðgerðarpakka sveitarfélaga um viðspyrnu gegn samdrætti í þjóðarbúskapnum.

Lagt fram til kynningar.

11. Fundargerðir 2019-2020 - Samband íslenskra sveitarfélaga - 2019090035

Lagður er fyrir fundinn tölvupóstur Vals Rafns Halldórssonar, sviðsstjóra rekstrar- og útgáfusviðs Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 30. mars sl., ásamt fundargerð 880. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldinn var föstudaginn 27. mars sl.

Lagt fram til kynningar.

12. Starfshópur um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal - 6 - 2003012F

Lögð er fram fundargerð 6. fundar starfshóps um skipulag útivistarsvæða í Tungudal og Seljalandsdal, sem fram fór 2. apríl sl. Fundargerðin er í einum lið.

Fundargerð lögð fram til kynningar.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 08:48

Arna Lára Jónsdóttir

Marzellíus Sveinbjörnsson

Daníel Jakobsson

Tinna Ólafsdóttir

Birgir Gunnarsson